


Fréttabréf AFLs

4. tbl. 2018

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Komandi kjaraviðræður: Undirbúningur og aðkoma félagsmanna

Undirbúningur fyrir komandi kjaraviðræður eru hafinn hjá félaginu en kjarasamningar við Samtök atvinnulífsins renna út um áramótin. Þeir samningar eru vegna iðnaðarmanna, verslunar- og skrifstofumanna, ferðapjónustunnar og verkafólks. Samningar félagsmanna sem starfa hjá ríki og sveitarfélögum renna út í lok mars, eða þrem mánuðum seinna.

Aðalfundur deildanna ákváðu á fundum sínum í vor að notast við áherslulistu þar sem félagsmenn skrá niður sínar helstu kröfur, líkt og gert hefur verið í aðdraganda undanfarinna samningaviðræðna. Telja félagsmenn að með listunum sé góður möguleiki á að ná til fleiri félagsmanna en ef notaðar eru aðrar leiðir.

Farið verður með listana á stærri vinnustaði, auk þess sem hægt verður að nálgast þá á skrifstofum félagsins en jafnframt verða þeir aðgengilegir

á „mínum síðum“ á heimasíðu AFLs.

Samantektin byggir á þeirri einföldu leið að þær áherslur sem fá mest vægi verða kröfur félagsins líkt og áður.

Ákveðið hefur verið að boða til kjaramálaráðstefnu dagana 21. og 22. september þar sem niðurstöðurnar verða kynntar og endanleg kröfugerð verður mótuð.

Samstarf við önnur félög

Á ráðstefnunni verður jafnframt kannað viðhorf til samstarfs við önnur félög og sambönd sem kunna að verða með sambærilegar áherslur.

Í undanförunum kjarasamningum hafa deildir félagsins verið í samstarfi við þau landssambönd sem þær eru með aðild að þegar komið er að samningaviðræðum en þessir hópar sem áður hafa verið nefndir eru í Starfsgreinasambandinu, Samiðn og Landssambandi verslunarmanna.

Reikna má með að slíkt samstarf haldi áfram, enda hafa félagsmenn talið að samtakamáttur og samvinna

auki slagkraftinn þegar kemur að því að sameinast um að bæta kjör þeirra.

Kjarabaráttá mikilvægari en athygli augnabliksins

Nýir formenn hafa tekið við í stóru félagunum tveim í Reykjavík, Eflingu og VR. Þar eru boðaðir nýir tímar og nýjar aðferðir en engar nýjar hugmyndir hafa hins vegar komið fram um hvernig ná eigi fram auknum kjarabótum til handa félagsmönnum né heldur hvernig á að fara inn í kjaraviðræðurnar. Mikilvægt er að skapa svigrúm fyrir nýjar stefnur og nýjar aðferðir og AFL hefur lýst sig reiðubúið að fylgja eftir slíkum hugmyndum verði þær settar fram á annan hátt en með upphrópunum og margtuggðum frösum á samfélagsmiðlum. Kjarabaráttá launafólks er mikilvægari en svo en að hún sé skiptimynt fyrir athygli augnabliksins.

Á liðnum mánuðum hafa komið fram sláandi upplýsingar um

aukinn ójöfnum í samfélaginu, aukna skattbyrði þeirra lægst launuðu, skerðingar á barna- og vaxtabótum og svo mætti áfram telja. Þótt að þetta séu ekki nýjar upplýsingar þarf að bregðast við þeim og snúa vörn í sókn. Gallinn er bara sá að kjarasamningarnir eru gerðir við Samtök atvinnulífsins en ekki stjórnvöld. Engu að síður er aðkallandi að breytingar verði á þessari hægfare og markvissu aðför að láglaunafólki sem rekin hefur verið af stjórnvöldum síðustu ára og hlaut áframhaldandi brautargengi í síðustu alþingiskosningunum. Ef næsta útspil verður að lækka skattþrósentuna um 1 prósentustig, eins og fjármálaráðherra hefur viðrað, þýðir það u.þ.b. 1.500 kr. í skattalækkun á 300.000 kr. manninn en um 6.000 kr. á milljón kr. manninn á mánuði. Nær væri að nota svigrúmið til skattalækkunar í það að hækka persónuafsláttinn og hann þarf að hækka verulega.

Hvað hefur AFL gert í sumar?

Pau verkefni sem koma inn á borð starfsmanna AFLs eru af margvíslegum toga. Hér verður stiklað á helstu verkefnum sem tekist hefur verið á við yfir sumarmánuðina. Í nokkrum tilfellum hefur málinum verið vísað til lögfræðings félagsins til úrlausnar.

7. maí. Félagsmaður leitaði til okkar. Viðkomandi er af erlendu bergi brotinn og vann við þjónustustörf á félagssvæðinu. Hann hafði orðið fyrir aðkasti yfirmanns og var tilkynnt um að ráðningarsamningur yrði ekki framlengdur. Við höfðum samband við fyrirtækið/stofnunina og komið var á sáttafundi. Við vísuðum félagsmanninum til læknis, enda var viðkomandi með kvíðahnút yfir því að þurfa að vinna uppsagnarfrest. Ánægjuleg niðurstaða fékkst á sáttafundi þar sem viðkomandi var fluttur í aðra deild og allir gengu sáttir af fundi. Þetta tók nokkra daga.

7. maí. Starfsmaður á hóteli hafði samband við okkur vegna uppsagnar og veikinda. Hótelinu var skrifað bréf og kannað með uppsögn. Félagsmaðurinn fær ráðgjöf varðandi veikindarétt og loks er gengið frá umsókn í sjúkrasjóð.

11. maí. Erindi barst frá hótstarfsmanni vegna launaútreikninga. AFL hefur áður lent í átökum við viðkomandi hótél. Félagið aflaði gagna og skrifaði hótelinu bréf. Í ljós kom að hátiðardagar voru ekki greiddir, vaktir reiknaðar ranglega og ýmislegt fleira. Ekki hefur fengist leiðrétting ennþá og málið er komið í meðferð lögmanna félagsins.

12. maí. Starfsmaður frystihúss leitaði til okkar vegna breytinga á vinnutíma en viðkomandi hafði unnið aukastörf meðfram sínu venjulega starfi. Farið var yfir málið með yfirmanni og félagsmanni og máli lokið.

13. maí. Nokkrir félagsmenn leituðu til AFLs en í ljós kom að viðkomandi voru ekki á skrá félagsins. Félagið kallaði inn launaseðla viðkomandi og í ljós kom að launagreiðandi hafði um langa hríð dregið stéttarfélagsgjald af starfsmönnum og haldið eftir ásamt með öðrum stéttarfélagsgjöldum. Félagið skrifaði launagreiðanda bréf og fól jafnframt lögmanni félagsins að undirbúa kærufyrir fjárdrátt á félagsgjöldum. Premur dögum síðar komu allar skilagreinar fyrirtækisins í ábyrgðarpósti á skrifstofu okkar.

15. maí. Félagsmaður leitaði til okkar vegna uppsagnar og veikinda. Félagið gætti hagsmuna viðkomandi í samskiptum við launagreiðanda og aðstoðaði félagsmanninn við sjúkrasjóðsumsókn. Félagsmaður var farinn til síns heimalands og tafði það samskipti nokkuð. Viðkomandi hafði verið á landinu í fjögur ár við störf og við höfðum oft átt ánægjuleg samskipti við viðkomandi og hans maka. Við kvöddum þau því með þakklæti en svo virðist sem Íslandsævintýri þeirra sé á enda og bæði komin með góða atvinnu í sínu heimalandi.

18. maí. Enn rigndi tilkynningum um sjálfbóðaliða við störf inn til okkar. Við fórum í stutta ökuferð um einn þéttbýliskjarnann á svæðinu og ræddum við nokkur erlend ungmenni.

6. júní. Starfsmaður fyrirtækisins sem ekki skilaði skilagreinum (sjá að ofan) leitaði til okkar með launaseðla og hafði þá ekki fengið greidd

orlofslaun sín. Félagið fylgdi málinu eftir og gerði athugasemdir við forsendur sem notaðar voru.

16. júní. Við fengum ítarlega fyrirspurn frá erlendum starfsmanni í ferðapjónustu. Viðkomandi vinnur í stórum hóp samstarfsmanna og þeir virðast hafa fengið mjög villandi og beinlínis rangar upplýsingar um kaup og kjör. Sem betur fer eru margir í hópnum vel „google-liðtækir“ og hafði hópurinn því aflað sér upplýsinga, m.a. af heimasíðu AFLs. Starfsmenn AFLs reyndu að svara helstu spurningum hópsins og snara svarinu á ensku. Þetta virðist hafa leyst flest mál því lítið hefur heyrst frá þessum starfsmannahóp síðan.

19. júní. Pennan dag barst erindi af þeirri tegund sem alltof algengt er: Viðkomandi hafði verið starfsmaður í ferðapjónustu hér á landi í nokkra mánuði en gafst upp og fór heim eftir verulegar vanefndir launagreiðanda. Þegar heim kom fór viðkomandi að grufu í réttindum sínum og komst í samband við fólk sem beindi honum til okkar. Þegar farið var að skoða málið kom í ljós að enginn ráðningarsamningur er til, engir launaseðlar og lítið annað en brotin loforð og svikin fyrirheit. Þetta er alltof algengt.



21. júní. Félagsmanni var sagt upp störfum fyrirvaralaust og vikið af vinnustað. AFL setur sig í samband við yfirmenn og í samtali hafnar fyrirtækið alfarið að endurskoða ákvörðun sína. Uppsögnin hafi verið í kjölfar áminninga vegna ófullnægjandi mætingar til vinnu. Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvort stefnt verður eftir launum í uppsagnarfresti.

22. júní. Félagsmaður leitaði til okkar en viðkomandi var orðin óvinnufær eftir vinnuslys og búinn með veikindarétt hjá launagreiðanda. Í ljós kom að slysið var ekki tilkynnt. Um er að ræða fallslys. Tryggingafélag hafnar bótaskyldu á þeim forsendum að um eldri meiddsl hafi verið að ræða. Málið sent lögmanni AFLs til úrlausnar.

22. júní. Félagsmaður leitaði til okkar vegna launagreiðslna. Starfsmenn höfðu ekki tök á að hitta viðkomandi fyrr en nokkrum dögum síðar og þá kom í ljós að viðkomandi bjó í húsnæði á vegum launagreiðanda og greiddi húsaleigu þar. Félagsmaðurinn hugðist segja upp störfum en var tilkynnt að hún þyrfti þá að yfirgefa húsnæðið tafarlaust. Félagið tók upp samskipti við launagreiðanda, náði að lenda sátt í málinu og félagsmaðurinn hélt herberginu í ásættanlega tíma eftir starfslok. (AFL fékk kveðju frá viðkomandi frá Kaliforníu með þakklæti fyrir góða þjónustu).

28. júní. Sjómaður slasaðist um borð í skipi. Eftir stutt samtál var honum komið beint í samband við lögmanna félagsins.




3. júlí. Þennan dag skráðum við samskipti vegna landvarða en félagið vann stórt mál fyrir félagsmann okkar í landvarðastarfi fyrir tveimur árum. Á hverju sumri er ætíð nokkur erill vegna hagsmunagæslu landvarða. Við förum í málið.

3. júlí. Okkur bárust fréttir af gjaldþroti lítills verktakafyrirtækis. Starfsmenn félagsins byrjuðu að kalla inn gögn frá fyrrverandi starfsmönnum fyrirtækisins og undirbúa kröfu í þrotabú og síðan væntanlega í ábyrgðasjóð launa. Nokkur svona mál koma upp á hverju ári.

4. júlí. Félagsmenn sem verið höfðu í orlofsíbúð okkar á Akureyri kvörtuðu yfir að fólkið í næstu íbúð hefði verið með hund. Hundahald er bæði bannað í húsinu auk þess sem aðalfundur AFLs hefur ítrekað fellt tillögur um að leyfa dyrahald í eignum félagsins. Almenn viðurlög við broti á þessum reglum er að viðkomandi félagsmaður fær ekki leigða orlofseign í hálf til eitt ár og þarf að greiða aukahreingerningu á íbúðinni eða húsinu ef þurfa þykir.

13. júlí. Fréttir bárust af öðru gjaldþroti. Kröfufylsingafrestur var fram í ágúst en haft var samband við félagsmenn okkar sem unnið höfðu hjá fyrirtækinu.

16. júlí. Athyglisverð skráning í málaskrá okkar en heiti málsins er „Varð fyrir fallbyssukúlu“. Um var að ræða vinnuslys og að öllum líkindum með engum varanlegum skaða og launagreiðandi brást við fyrstu ábendingu með tilkynningu til Vinnueftirlitsins. Málið er því í góðum farvegi í allra sátt.



27. júlí. Tilkynnt var um vinnuslys á veitingastað. Nokkur tilfinningahiti greip um sig meðal þeirra sem töldu sér málið skylt. AFL og lögmaður félagsins gengu í að slysið yrði tilkynnt til Vinnueftirlits og vegna misvísandi upplýsinga um slysið, óskuðu eftir að lögregla tæki skýrslu af aðilum. Málið er í eðlilegu ferli og bíður þess að tryggingafélag launagreiðanda taki afstöðu til bótaskyldu. Starfsmaður er eðlilega á launum hjá launagreiðanda á meðan.

1. ágúst. Ung kona sem vann á skyndibitastað setti sig í samband við starfsmenn og sagði farir sínar ekki sléttar. Eftir að hún tilkynnti um að hún væri barnshafandi var hún sett á miklu færri vaktir en áður og auðvitað var enginn ráðningarsamningur til. Veikindarétturinn reyndist því léttur í vasa og hagsmunir hennar við útreikninga á fæðingarorlofi í hættu. Félagið er í gagnaöflun.

3. ágúst. Þennan dag kom til okkar starfsmaður hótels sem er með starfsstöðvar víða. Viðkomandi hafði unnið á tveimur hótélum keðjunnar í sama mánuði en bæði hótelin reiknuðu dagvinnu að fullu. Þannig hafði viðkomandi unnið á þriðja hundrað dagvinnutíma hjá sama launagreiðanda í sama mánuði. Málið er í úrvinnslu.

3. ágúst. Starfsmenn ferðaþjónustu leituðu til AFLs. Í ljós kom að gamlir launataxtar höfðu verið notaðir. Málið leystist með einu símtali og leiðrétting launa sex mánuði aftur í tímann er í ferli.

13. ágúst. Félagsmenn leituðu til félagsins eftir eigendaskipti á fyrirtæki. Vegna misskilnings töldu menn að fyrri eigandi væri ábyrgur fyrir vanefndum á launagreiðslum. Farið var yfir lög um aðilaskipti að fyrirtækjum með nýjum eiganda sem brást snöfurmannalega við og gekkst við ábyrgð sinni. Málið er vonandi að fullu leyst.

Ljósmyndir úr safni AFLs. Þær tengjast dagbókarfærslunum ekki beint.

Dagar í lífi formanns

20. júlí 2018, starfsstöðin á Egilsstöðum.

08:00 Undirbúningur fyrir fund.

10:00 Fundur með fulltrúum vinnustaðar vegna máls sem hefur verið á mínu borði í nokkra mánuði. Niðurstaða liggur fyrir, tæplega þrjátíu manns fá launaleiðréttingu, allt að fjögur ár aftur í tímann og upphæðin eru tugir milljóna.

12:15 Matur. Síminn truflar nokkrum sinnum.

13:00 Unnið við tölvupóst og fleira á skrifstofu.

14:00 Félagsmáður kemur vegna máls og við spjöllum góða stund um kaup og kjör.

14:30-16:00 Leyst af í afgreiðslu á Egilsstöðum, almenn þjónustustörf.

7. ágúst 2018, starfsstöðin á Hornafirði.

08:00-16:00 Skrifstofudagur. Samstarfsmenn í fríu og ég er ein á starfsstöðinni. Margar komur á skrifstofuna enda löng helgi að baki og mikil símsvörun vegna sumarfría.

Sé í uppfléttingu að ég hef framkvæmt 11 sölur úr vefverslun og sent 10 tölvupósta, þar af eru 6 þeirra vegna skráðra mála í málakerfi sem eru í vinnslu á mínu borði.

Viðbótarerill var þar sem Virk ráðgjafi AFLs var með viðtöl þennan dag. Góður dagur og margir félagsmenn á ferðinni.

16. ágúst 2018, starfsstöðin á Egilsstöðum.

08:00 Mætti á skrifstofu á Egilsstöðum og fór yfir tölvupósta og fleira.

09:00 Fór á Seyðisfjörð og heimsótti Síldarvinnsluna í kaffitíma og tók vinnustaðainnlit. Dreifði áherslulistum okkar vegna komandi kjarasamninga.

10:30 Til baka í Egilsstaði, kom þar við á Subway, Hótel Héraði og Gistihúsinu Egilsstöðum. Dreifði áherslulistum okkar vegna komandi kjarasamninga. Kom til baka á skrifstofu.

12:00 Fór í Miðás á vinnustaðafund.



13:00 Fundur með framkvæmdastjóra vegna fréttabréfs, kjaramálaráðstefnu og starfsdags starfsmanna grunnskólanna.

13:30 Vann við fréttabréf og fleira.

14:30 Átti langt samtal við félagsmann. Viðkomandi telur illa komið fram við sig á vinnustað.

15:00 Hreinsaði upp tölvupóst o.fl.

15:30 Lauk vinnudeginum með því að heimsækja Salt, Dinerinn og Hótel Valaskjál. Ræddi við þá félagsmenn sem áttu lausa stund. Dreifði áherslulistum okkar vegna komandi kjarasamninga.

Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir



Til góðra verka!

Kjaramálaráðstefna Verkamannadeildar AFLs Starfsgreinafélags

Hallormsstaður 21. – 22. september 2018

Föstudagur 21. september

- kl. 15:45 – Fundargögn afhent
- kl. 16:00 – Setning ráðstefnu – Sigurður Hólm Freysson, varaformaður AFLs
- kl. 16:10 – Hvar erum við stödd í kjaramálunum? – Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, formaður AFLs
- kl. 16:40 – Kaffihlé
- kl. 17:00 – Áherslur deildarformanna
 - a. Almenn starfsgreinaeild – Steinunn Zoëga fiskvinnslumaður, formaður deildar
 - b. Iðnaðarmannadeild – Sævar Örn Arngrímsson vélstjóri, varaformaður deildar
 - c. Verslunar- og skrifstofudeild – Lars J. Andrésson starfsmaður áhaldahúss, formaður deildar
 - d. Sjómannadeild - Grétar Ólafsson löndunarmaður, formaður deildar
- kl. 17:40 – Sýn félagsmanna á kjaramálin
 - a. Fiskvinnslumaður – Kristján Eggert Guðjónsson
 - b. Hótelstarfsmaður
 - c. Hafnarstarfsmaður – Birkir Snær Guðjónsson
 - d. Iðnaðarmaður – Hjálmpór Bjarnason
 - e. Aðrir fundarmenn sem vilja kynna sína sýn

- kl. 18:10 – Niðurstöður úr könnunum meðal félagsmanna – Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir
- kl. 18:40 – Þjónustukönnun AFLs – Sverrir Mar Albertsson
- kl. 19:10 – Fundarhlé
- kl. 19:30 – Fordrykkur – Tónlist til skemmtunar
- kl. 20:00 – Kvöldverður í boði AFLs Starfsgreinafélags

Laugardagur 22. september

- kl. 08:00 – Morgunverður
- kl. 09:00 – Félagsfundir deilda. Allar deildir samtímis kjósa fulltrúa á ASÍ-þing, ákv. umboð o.fl.
- kl. 09:30 – Fundur í trúnaðarráði. Kosning samninganefndar, umboð o.fl.
- kl. 10:00 – Kaffihlé
- kl. 10:30 – Umræðuhópar
- kl. 12:15 – Hádegisverður
- kl. 13:15 – Kröfugerð mótuð
- kl. 15:00 – Frágangur ályktana
- kl. 15:30 – Kosning uppstillingarnefndar
- kl. 15:45 – Ráðstefnuslit
- kl. 16:00 – Kaffi og heimferð

Vinsamlega skráið þátttöku á næstu skrifstofu AFLs Starfsgreinafélags eða með tölvupósti á gunnar@asa.is. Ferðatilhögun verður í höndum næstu skrifstofu félagsins.

AFL starfsgreinafélag • www.asa.is • sími: 4700 300

Fundarboð

Boðað er til félagsfundar í starfsgreinaeild AFLs Starfsgreinafélags laugardaginn 22. september kl. 09:00 á Hótel Hallormsstað.

1. Kjör fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands 2018.
2. Umboð til kjarasamningagerðar.
3. Önnur mál.

Stjórn starfsgreinardeildar AFLs

Fundarboð

Boðað er til félagsfundar í iðnaðarmannadeild AFLs Starfsgreinafélags laugardaginn 22. september kl. 09:00 á Hótel Hallormsstað.

1. Kjör fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands 2018.
2. Umboð til kjarasamningagerðar.
3. Önnur mál.

Stjórn iðnaðarmannadeildar AFLs

Fundarboð

Boðað er til félagsfundar í verslunar- og skrifstofudeild AFLs Starfsgreinafélags laugardaginn 22. september kl. 09:00 á Hótel Hallormsstað.

1. Kjör fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands 2018.
2. Umboð til kjarasamningagerðar.
3. Önnur mál.

Stjórn verslunar- og skrifstofudeildar AFLs

Fundarboð

Boðað er til félagsfundar í sjómannadeild AFLs Starfsgreinafélags laugardaginn 22. september kl. 09:00 á Hótel Hallormsstað.

1. Kjör fulltrúa á þing Alþýðusambands Íslands 2018.
2. Kjör fulltrúa á þing Sjómannasambands Íslands.
3. Önnur mál.

Stjórn sjómannadeildar AFLs

Harður vetur fram undan?

Búast má við átökum á vinnumarkaði í vetur ef marka má yfirlýsingar nokkurra forystumanna stórra verkalyðsfélaga. AFL Starfsgreinafélag hefur verið að undirbúa komandi kjarasamninga og möguleg átök í kjölfarið.

Formaður AFLs, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, hefur verið á ferð á vinnustöðum og meðal annars dreift þar áherslulistum til undirbúnings á kröfugerð félagsins auk þess sem boðað hefur verið til kjaramálaráðstefnu í september.

Verkfallsjóður AFLs er enn drjúgur en verkföll síðustu ára, verkfall Starfsgreinasambandsins 2015 og verkfall sjómanna 2016 – 2017, kostuðu sjóðinn um 130 milljónir. Engu að síður er félagið vel búið undir komandi átök.